

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009 miðvikudaginn 6. maí. Kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til **157. fundar** í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 10:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2008. Síðari umræða. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir ársreikning sveitarsjóðs og fyrirtækja fyrir árið 2008. Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir ánægju með niðurstöðu ársreikningsins en niðurstaða rekstrarreiknings samstæðu er jákvæð um rúmar 10 millj. kr. Rekstur málaflokka er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Tekjur sveitarfélagsins voru hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Það er mikilvægt að koma með þessa jákvæðu niðurstöðu inn í þann tekjusamdrátt sem blasir við í rekstri sveitarfélaga.“ Að loknum umræðum var ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2008 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum og undirritaður. Borin undir atkvæði framangreind tillaga varðandi ársreikninginn og samþykkt með 4 atkvæðum.
2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
  - a) Fundargerð 595. fundar 20. apríl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 596. fundar 27. apríl. Fundargerð í 4 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlögð drög að reglum um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum gegn 1. Oddur Sigurðarson óskaði eftirfarandi bókunar: „Mér finnst samningurinn ónothæfur til eftirlits. Í honum er m.a. ósk um þjónustu sem ekki þarf að veita, og greiði því atkvæði gegn dagskrárlíðnum.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt meðfylgjandi tillögu og samþykktur með 5 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 597. fundar 4. maí. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 96. fundar félagsmálaráðs 22. apríl. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 91. fundar landbúnaðarráðs 4. maí. Fundargerð í 3 liðum, Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Fundargerð 160. fundar skipulags- og umhverfisráðs 5. maí. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Á fundinn mætti Ólafur Stefánsson forstöðumaður tæknideildar og kynnti tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra, auk fleiri mála sem verið höfðu til meðferðar hjá skipulags- og umhverfisráði. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 2a. „Að fengnum umsögnum landbúnaðarráðs og skipulags- og umhverfisráðs gerir sveitarstjórn Húnaþings vestra ekki athugasemd við að stofnað

verði lögbyli á landnúmeri 218-210 sem er nýbyli úr jörðinni Barkarstaðaseli landnúmer 144-061.“ Borinn undir atkvæði liður 2a fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að kynna og auglýsa framlagða tillögu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, Miðfjarðarvegur. Tillagan fjallar um tilfærslu á legu Miðfjarðarvegur að Staðarbakka og tengingu við hringveg.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Bornir undir atkvæði 4.-5. liðir fundargerðarinnar og samþykktir með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 2.b: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að færa lóðarmörk lóðanna Grundartún 12 og 14 á Hvammstanga um 0,5 metra til norðurs. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og forstöðumanni tæknideildar að annast umrædda breytingu.“ Borinn undir atkvæði liður 2 b fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12:40.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari (sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.).